

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 16. desember 2024
Málsnúmer: 202412-0028
SS

Efni: Umsögn um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum í Þjórsárdal.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun sem barst þann 10. desember 2012, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um beiðni Rauðukamba ehf. um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal vegna umsóknar fyrirtækisins um breytt framkvæmdaleyfi. Breytingin felur í sér að sótt er um að nota nýja borholu SL-10.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Umhverfisstofnunar þann 30. júlí 2024 vegna framkvæmdar Rauðukamba ehf. á þremur borholum sem voru til viðbótar við þær sem þegar höfðu verið boraðar í tengslum við uppbyggingu Fjallabaða. Nú er óskað eftir einni viðbótarborholu. Vísað er í þessa fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar eins og við á.

Það að þörf sé á fleiri viðbótarholum vekur upp spurningar um hvort áætluð vatnstaka sé nægjanlega sjálfbær fyrir heitavatnskerfið þar sem nálæg borhola úr sama kerfi, SL-03, er með óásættanlegan niðurdrátt. SL-10 verður breiðari hola og mun nýta sama kerfið. Hún er staðsett innan athafnasvæðis og ekki nálægt gervigígum sem Náttúrufræðistofnun hefur ítrekað bent á að mikilvægt sé að hlífa fyrir raski. Náttúrufræðistofnun gerir því ekki athugasemd við að veitt sé leyfi fyrir holunni en telur þó mikilvægt að áfram sé vandlega fylgst með ástandi kerfisins. Óheppilegt er ef sífellt verður þörf á að bæta við fleiri borholum til að tryggja öruggt vatnsflæði. Afar brýnt er að standa vörð um að ekki sé gengið of mikið á jarðhitakerfið og að fylgst sé vandlega með áhrifum vatnstökunnar á grunnvatnshlot svæðisins.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs